

Samstarfsnefnd um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Annar fundur, haldinn á skrifstofu Þingeyjarsveitar 21. ágúst 2019 og hófst hann kl. 14:00.

Mætt voru:

Aðalfulltrúar: Arnór Benónýsson formaður, Helgi Héðinsson varaformaður, Margrét Bjarnadóttir, Halldór Þorlákur Sigurðsson og Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir. Jóna Björg Hlökkversdóttir boðaði forföll.

Varafulltrúar: Sigríður Hlynur Snæbjörnsson mætti fyrir Jónu Björgu.

Sveitarstjórnar: Dagbjört Jónsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson.

Verkefnisstjórnar: Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson

Fundargerð ritaði Jón Hrói Finnsson

Dagskrá skv. fundarboði:

1. Fundargerð 1. fundar
2. Nýsköpun í norðri
3. Verkefni og kostnaðaráætlun
4. Umsókn um stuðning Jöfnunarsjóðs við sameiningarviðræður
5. Umsögn um þingsályktunartillögu

1. Fundargerð fyrsta fundar

Fundargerð fyrsta fundar var borin upp og samþykkt án athugasemda.

2. Nýsköpun í norðri

Sveinn Margeirsson kynnti verkefnið „Nýsköpun í norðri“ og ræddi tengsl þess við verkefni samstarfsnefndar. Hugmyndin er að samhliða vinnu við mótun tillögu um sameiningu sveitarfélaganna tveggja verði þróunarverkefnið Nýsköpun í norðri í vinnslu. Þá muni sveitarfélögin vinna sameiginlega að endurskoðun aðalskipulags. Verkefnið eru sjálfstæð og ekki háð hvoru öðru, en styðja við og styrkja hvert annað. Samlegðartækifæri eru milli verkefnanna, m.a. við stöðugreiningu og -mat og samráð við íbúa og nærsamfélag.

Nýsköpun í norðri er hugsað sem heildstætt verkefni sem snýr að mannlífi, atvinnulífi og náttúru og felur í sér áherslu á sjálfbærni í nýtingu auðlinda og náttúruvernd. Fram kom að stjórnunar- og verndunaráætlun Mývatns er útrunninn og að hana þarf að endurskoða.

Arnór lagði til að skipaður yrði stýrihópur fyrir Nýsköpun í norðri sem í sætu oddvitar sveitarstjórnanna og tveir fulltrúar úr hvorri skipulagsnefnd til að tryggja samræmingu. Haldnir yrðu sameiginlegir stöðufundir sameiningarnefndar, stýrihóps Nýsköpunar í norðri og skipulagsnefnda á fjögurra mánaða fresti þar sem stýrihópar verkefnanna þriggja upplýsa hver annan um stöðu og framgang verkefnanna.

Rætt um að verkefnið styrki hvert annað en megi ekki vera svo háð hvert öðru að stöðvun eins verkefnis hafi áhrif á hin. Verkefnið geta unnist samhliða en vinnslutími þeirra er mismunandi.

3. Verkefnis- og kostnaðaráætlun

Róbert fór yfir drög að verkefnis- og kostnaðaráætlun fyrir vinnu samstarfsnefndarinnar og leiddi vinnu við að fylla inn í skjalið. Unnið var við markmið með vinnu nefndarinnar, skilgreiningu afurða, greiningu hagsmunaaðila og fjárhagsáætlun.

Ákveðið var vinnuheiti verkefnisins verði „Þingeyingur“. Ráðgjöfum falið að taka frá lén. Sammælt var um að markmið nefndarinnar sé að draga upp skýra og hlutlausa mynd af því hvernig sameinað sveitarfélag gæti litið út og draga fram kosti og galla sameiningar til að auðvelda kjósendum að taka afstöðu til spurningarinnar um sameiningu.

Farið var yfir drög að kostnaðaráætlun sem hafði verið uppfærð með hliðsjón af umræðum og ákvörðunum á fyrsta fundi. Ákveðið að gera ráð fyrir nefndarlaunum, fjölga íbúafundum úr 4 í 6, hækka óvissulið úr 10% í 15% og að bæta við kostnaði vegna viðhorfskönnunar meðal ungs fólks þar sem kannað yrði hvað það vill starfa við og hvað þurfi til að það flytji heim að námi loknu eða haldi búsetu sinni í sveitarfélaginu.

Unnið var með hagsmunagreiningu og niðurstöður færðar í drögin. Fram kom að markmið með sameiningu, ef af henni verður, sé ekki að hagræða með uppsögnum starfsmanna eða fækkun starfsstöðva, heldur að stuðla að eflingu samfélags og sveitarfélags.

Ákveðið var að fjármálaumsýsla verkefnisins verði vistuð hjá Þingeyjarsveit og að Skútustaðahreppur sjái um heimasíðu.

Frekari vinnu við verkefnis- og kostnaðaráætlun var frestað til næsta fundar.

4. Bréf til Jöfnunarsjóðs.

Farið yfir drög að bréfi til Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Fram komu ábendingar um að koma þurfi fram að verkefnið taki yfir langan tíma sem hefur í för með sér aukinn kostnað, að nefndin hafi metnað til að skila vönduðu verki og einnig að þungi á verkefnið Nýsköpun í norðri væri mikill.

Samþykkt að Arnór og Róbert gangi frá bréfinu að teknu tilliti til ábendinga.

5. Umsögn um þingsályktunartillögu

Samþykkt tillaga formanns um að fela ráðgjöfum að rita umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda í málefnum sveitarfélaga sem verði lögð fyrir sveitarstjórnir. Nefndin leggur áherslu á eftirtalin atriði:

- Mikilvægt að fjármagn fylgi verkefnum til eflingar sveitarfélaga.
- Verkefnið „Þingeyingur“ er í samræmi við stefnuna sem mörkuð er í þingsályktunartillögunni.
 - Verkefnið er unnið í samráði við íbúa
 - Sveitarfélögin uppfylla skilyrði um skuldaviðmið
 - Áhersla er á rafræna stjórnslu
 - Unnið er að nýsköpunarverkefni tengt mótun framtíðarsýnar samfélagsins
- Að bent sé á að skuldajöfnunarframlag vegi of þungt í fjárframlögum til sameininga sem dregur úr hvata skuldlítilla sveitarfélaga til sameiningar.

Fundi slitið kl. 17:30